

Eyrarbotn og Hrafnkelsstaðir

Athugasemdir

Rúrik Kristjánsson, Hraunbæ 26, R., kom í Örnefnastofnun þann 9. jan. 1978. Las hann þá yfir lýsingu Þorleifs Jóhannessonar og gerði við hana fáeinar athugasemdir, sem Sigríður Jóhannsdóttir skráði. – Rúrik er fæddur að Eiði 1934 og var þar til heimilis til 1951. Foreldrar hans höfðu búið á Eiði frá 1929, en nú býr bróðir hans þar, og hefur Rúrik oft komið á þessar slóðir, eftir að hann fluttist burt. – Þórhallur Vilmundarson spurði Rúrik einnig nokkra spurninga, um kolagrafir, hrafna o.fl.

Hrafnkelsstaðir hafa farið í eyði skömmu eftir aldamót.

Gunnólfsfell (2) hafði Rúrik jafnan heyrt nefnt **Gunnlaugsfell** (52).

(Á korti er það nefnt Gunnungsfell.)

Hestadalir (9) draga trúlega nafn af hrossabeit, því að þeir eru grasi grónir.

Gatnhóll (11) gæti dregið nafn af götum, sem þar mætast:

- a) leiðin suður fyrir fjall og suður í Staðarsveit
- b) leiðin yfir Tröllaháls austur í Helgafellssveit.

Við Selhól (15) gæti hafa verið sel.

Gjafi (24) er syðsti hlutinn af fjallinu. Hann er grasi gróinn, en þegar framur dregur, er fjallið alveg kviknakið. Gjafi var aðalstarbeitin fyrir sauðfé. Fé frá Eiði og bæjunum þar fyrir utan var rekið í Eyrarbotn og Hrafnkelsstaðabotn.

Engar minjar sjást um kolagrafir (sbr. Kolgrafasel (26)). Rúrik getur varla ímyndað sér, að þarna hafi nokkurn tíma verið skógargróður að ráði. Sumir hafa gizkað á, að þarna hafi verið svo góður mór, að honum hafi mátt jafna til kola.

Rúrik minnir, að mótað hafi fyrir stekkjurveggjum nálægt Stekkjargili (39).

Illagil (45) er mjög klettótt.

Í Grenjadölum (47) eru gren á víð og dreif

Hrafnhá (48) heyrði Rúrik aldrei nefnda svo, heldur Hrefná eða Hrafná, líklega þó frekar **Hrefná** (53).

Hrafnafossar (49) voru alltaf kallaðir svo (ekki Hrafnfossar (50)). Þetta er aðeins einn foss að staðaldri, en í leysingum myndast litlir fossar út frá honum.

Þarna var talsvert um hrafna, þó ekkert meira en annars staðar. Hrafnshreiður voru hingað og þangað á þessum slóðum.

Hrefná er um 1 km inn af Hrafnkelsstöðum. Í henni er ekki beint gil, en þó kemur eins og slakki í hana, gróðurlaus, með bröttum hliðum, en ekki klettótt.

Sauðaskarð (51) hafði Rúrik aldrei heyrt nefnt enda hafði hann aldrei komið þarna upp.

Örnefnastofnun, 11. jan. 1978,

Sigríður Jóhannsdóttir.

[sign.]

Stafrófsskrá örnefna

Gunnlaugsfell 52
Hrefná 53